

Orkustofnun
Kristinn Einarsson
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
11. sep. 2014 10.5.7	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. september 2014
Tilvísun: UST20140900025/bs

Umsókn Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar um nýtingaleyfi neysluvatns í landi Hlíðarfótar í Svínadal í Hvalfjarðarsveit. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 26. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda umsókn um nýtingaleyfi.


Frá árinu 1998 hefur vatn verið tekið úr gljúfri ofan við Súluá. Ráðgert er að hefja vatnstöku á nýjum stað annað hvort ofar í gljúfrinu eða á vatnsverndarsvæðinu neðan við gljúfrið.


Vatnstökusvæðið í landi Hlíðarfótar er á vatnasviði Laxár í Leirársveit. Áformuð aukning vatnstöku er áætluð 20 l/s. Minnsta mælda rennsli Laxár í Leirársveit á tímabilinu 2009 - 2013 er 480 l/s. Áformuð aukning er því um 4,2 % af minnsta mælda rennsli Laxár.

Hér er um að ræða vatnstöku á skilgreindu vatnsverndarsvæði þar sem vatnstaka hefur farið fram um nokkurt skeið. Aukin vatnstaka mun að líkindum kalla á frekari framkvæmdir á svæðinu, en þær munu verða í samræmi við skilgreinda landnotkun. Vatnstakan nemur einungis litlum hluta af minnsta rennsli Laxár í Leirársveit og mun því að líkindum ekki hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrædda umsókn.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur